

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa
29. maí 2020





Skýrsla stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29. maí 2020

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2019 var haldinn í sal Mímis að Öldugötu þann 3. maí. Fundarstjóri var Systa Sigurðardóttir og fundarritari Klara Guðbrandsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum nefnda voru færðar þakkir. Ein lagabreyting var samþykkt á fundinum þar sem tími fyrir aðalfund var rýmkaður og hann getur nú farið fram í apríl eða maí. Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar og skemmtiatriði.

Engar breytingar urðu í stjórn þar sem allir stjórnarmeðlimir buðu sig fram og ekki bárust fleiri framboð. Stjórnin var skipið sem hér segir síðasta starfsárið: Helga Tryggvadóttir Framvegis formaður, Margrét Björk Arnardóttir Háskólasetur Vestfjarða formaður Nefndar um norrænt samstarf, Helga Lind Hjartardóttir Mími, Hildur Katrín Rafnsdóttir HR gjaldkeri, Systa Sigurðardóttir Varmárskóla vefstjóri, Svanhildur Svavarsdóttir FMOS ritari og Klara Guðbrandsdóttir FSU sér um félagatal.

Nefndir og ráð FNS starfsárið 2019-2020 voru skipuð eftirfarandi félagsmönnum og fá þeir kærar þakkir fyrir þeirra störf:

- Fræðslunefnd: Anna Monika Arnórsdóttir VMST, Inga Berg Gísladóttir NSHÍ og Sigrún Fjelsted FÁ.
- Fagráð grunnskóla: Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla og Systa Sigurðardóttir, Varmárskóla sem fulltrúi stjórnar.
- Fagráð framhaldsskóla: Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Fríður Reynisdóttir MH og Svanhildur Svavarsdóttir FMOS sem fulltrúi stjórnar.



- Fagráð Háskóla: Aðalbjörg Guðmundsdóttir NSHÍ og Hildur Katrín Rafnsdóttir, HR sem fulltrúi stjórnar
- Fagráð atvinnulífs: Guðbjörg Gerður Gylfadóttir og Helga Lind Hjartardóttir Mími sem fulltrúi stjórnar.
- Kjararáð grunnskóla: Vigdís Thorarensen Vættaskóla
- Kjararáð framhaldsskóla: Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla
- Kjararáð háskóla: Lýdía Sigurðardóttir, NSHÍ
- Kjararáð atvinnulífs: Arndís Harpa Einarsdóttir MSS.
- Siðanefnd: Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla, Hrönn Grímsdóttir Austurbrú, Lýdía Sigurðardóttir, NSHÍ og Klara Guðbrandsdóttir, FSU sem fulltrúi stjórnar.
- Upplýsinga- og kynningarnefnd: Systa Sigurðardóttir Varmárskóla, Fjóla María Lárusdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis.
- Nefnd um norrænt samstarf: Margrét Björk Arnardóttir Háskólasetri Vestfjarða fulltrúi stjórnar FNS í NFSY (norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa) og formaður NFSY, Ásthildur Guðlaugsdóttir Kársnesskóla, Dagný Broddadóttir FG, Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri Kópavogsskóla, Ingibjörg Bragadóttir Salaskóla og Ketill Jósefsson VMST.
- Starfshópur vegna stefnumótunar FNS: Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis formaður hópsins, Helga Tryggvadóttir Framvegis, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Sigríður María Tómasdóttir Kvennaskólinn og Kolbrún Vilhjálmsdóttir Grunnskólinn í Hveragerði.

Auk hefðbundinna verkefna nefnda og ráða sem kveðið er á um í lögum félagsins komu ýmis verkefni inn á borð nefndanna. Þannig tók fagráð grunnskóla þátt í verkefni til eflingar tækni og starfsnáms og fagráð framhaldsskóla skilaði tillögum til mennta og menningarmálaráðuneytis í tengslum við geðheilbrigði framhaldsskólanema. Í greinargerðum nefnda og ráða í þessari skýrslu er að finna nánari útlistanir á starfsemi þeirra síðasta starfsárið.

Félagið er fólk, og starfsemin stendur og fellur með þátttöku sem flestra félagsmanna í nefndum, ráðum og starfshópum innan FNS. Með virkni og áhuga er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrist og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Það skiptir því miklu máli að takist að manna nefndir og ráð félagsins.

1. Starf stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar var tekin ákvörðun um að ábyrgðarhlutverk hvers stjórnarmeðlims yrðu óbreytt að því undanskildu Klara Guðbrandsdóttir tók við félagatali. Helga Lind Hjartardóttir er fulltrúi stjórnar í fagráði atvinnulífs, Hildur Katrín Rafnsdóttir gjaldkeri og fulltrúi stjórnar í fagráði háskóla, Margrét Björk Arnardóttir fulltrúi stjórnar í nefnd um



norrænt samstarf, Sigríður Sigurðardóttir vefumsjón, fulltrúi stjórnar í upplýsinga- og kynningarnefnd og í fagráði grunnskóla, Svanhildur Svavarsdóttir ritari og fulltrúi í fagráði framhaldsskóla, Klara Guðbrandsdóttir sér um félagatal og er fulltrúi stjórnar í siðanefnd.

Stjórnin hélt níu fundi á árinu og var sá fyrsti í júní 2019. Í ágúst boðaði stjórnin nefndir og ráð á fund þar sem farið var yfir hlutverk hvernar nefndar og ráðs auk laga FNS. Í kjölfarið funduð einingarnar hver fyrir sig og lögðu línurnar fyrir starfsemi komandi starfsárs. Þetta fyrirkomulag er vel til fundið þar sem allir þeir sem eru í embættum hjá félaginu hafa tækifæri til að hittast, spjalla, bera saman bækur og samræma starfsemi félagsins eftir þörfum.

Stjórnin nýtir tæknina við starfsemina og á milli funda fara samskipti fram bæði í tölvupósti og í lokuðum hópi á Facebook, en segja má að í samkomubanni hafi þessar leiðir til samskipta eflst enn frekar. Á stjórnarfundum hefur verið notast við Zoom fjarfundakerfið þar sem allt frá einum upp í alla stjórnarmenn hafa verið á línunni. Stjórnin nýtir Google drive bæði í vinnu og sem skjalageymslu. Samskipti stjórnar við nefndir og ráð fara að mestu fram í tölvupósti og í Facebook hópum. Einnig hafa fulltrúar nefnda annað hvort mætt á stjórnarfundum eða stjórnarmeðlimur tekið þátt í nefndarstarfi. Með því að fulltrúi stjórnar sitji í nefnd eða ráði verður aukin samfella í starfinu og samskipti verða auðveld. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Megin viðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári

Margvísleg málefni koma til umræðu á fundum stjórnar, sum eru til lykta leidd og afgreidd en önnur þarfnast lengri umræðu og fyrir kemur að langan tíma tekur að koma málum í farveg. Ekki vantar hugmyndir innan stjórnar og koma ábendingar um áhugaverð efni frá félagsmönnum og aðilum utan félagsins. Eins og gefur að skilja skarast verkefni stjórnar og nefnda og ráða oft og tíðum og í eftirfarandi upptalningu eru með verkefni sem unnin hafa verið í því samstarfi:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar.
- Ýmis stefnumótun.
- Verkferlar stjórnar.
- Endurmenntunarstefna.
- Rafræn ráðgjöf.
- Kynningarefni.
- Siðareglur FNS.
- Umsóknir um styrki til FNS.
- Þátttaka í norrænu samstarfi og formennska í NFSY.
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS.
- Samstarf við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf.



- Samstarf við KÍ.
- Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
 - Þátttaka í verkefninu “Fyrir mig”.
 - Þátttaka í verkefni um geðheilbrigði framhaldsskólanema
- Athugasemdir við drög að menntastefnu til 2030.
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar og fagraða.
- Samráðsfundir fagraða.
- Viðbrögð við fyrirspurnum frá félögum í FNS og ýmsum aðilum.

2. Stefnumótun

Í langan tíma hefur félagið stuðlað að framgangi fagsins og ýtt undir stefnumótun. Frá því að skýrslan *Grunnur að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi* var birt á vef mennta og menningarmálaráðuneytisins árið 2015 hefur efni hennar verið nýtt til að þrýsta á og móta aðgerðir. Til að gera langa sögu stutta þá var fundað í ráðuneytum og útlit fyrir að málið væri að þokast. Þá urðu ríkisstjórnarskipti. Óskað hefur verið eftir fundum, póstar sendir hingað og þangað en lítið um svör. Stefnumótun á sér stað víða og hér er stiklað á stóru auk þess sem greinargerð starfshóps um stefnumótun er hér á eftir.

- Í október 2018 óskaði formaður FNS eftir aðkomu félagsins að mótun menntastefnu til 2030. Eftir ítrekanir var erindinu svarað í janúar 2020 og sat formaður fund ráðherra með fjölda hagsmunaaðila. Í kjölfarið voru settar saman athugasemdir og þær yfirfarnar af starfshópi um stefnumótun og opnum félagsfundi. Félagið sendi að lokum inn athugasemdir við drög að menntastefnunni í samráðsgátt stjórnvalda.
- Fyrir tilviljun var formaður FNS staddur á fundi þar sem verkefnið “Fyrir mig” til eflingar starfs- og tækninámi var kynnt og óskað var eftir fundi með verkefnastjóra í kjölfarið. Fagrað grunnskóla kom að vinnu í framhaldinu.
- Beiðnum um fund með ráðherra til að ræða málefni fagsins og hvetja til aðgerða hefur verið ítrekuð marg oft og víða, en ekki hefur enn komið til fundar þrátt fyrir að ráðherra hafi tekið undir að sá fundur verði að fara fram.
- Í vinnu við stefnumótun er æskilegt að vita stöðu mála. Í þeim tilgangi hefur verið óskað eftir skýrslunni „Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi“ sem Rannsóknarþjónusta HA skilaði til mennta- og menningarmálaráðuneytisins á síðasta ári. Eftir endurteknar ítrekanir barst það svar að hún eigi að birtast fljótlega á vef ráðuneytisins.

Greinargerð frá starfshópi um stefnumótun

Starfshópurinn fundaði í haust til að ákveða hvernig við vildum halda áfram að reyna að koma stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í réttan farveg. Við ákváðum að leggja áherslu á að nýta þau tengsl sem við höfum og virkja þau.



Fyrsta verkefni okkar var að semja fyrirspurn sem Njörður Sigurðsson, varaþingmaður Suðurkjördæmis (Samfylkingar) lagði fram á Alþingi til mennta- og menningarmálaráðherra. Við fengum svar við fyrirspurninni sem má finna á vef [alþingis](#).

Annað verkefni okkar var að þiggja boð frá Kennarasambandi Íslands um að skrifa grein sem birt var í haustútgáfu [Skólavörðunnar](#), fréttablaði Kennarasambands Íslands. Þar fjöllum við m.a. um þörfina fyrir náms- og starfsráðgjöf, hlutverk náms- og starfsráðgjafa og þá vinnu sem hefur verið gerð í tengslum við stefnumótun í faginu okkar.

Ákveðið hefur verið að starfshópurinn verði áfram einhverskonar bakhópur stjórnar og haldi áfram að vinna að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Í hópnum starfa ásamt undirritaðri Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Helga Tryggvadóttir, Kolbrún Vilhjálmsdóttir og Sigríður María Tómasdóttir.

F.h. starfshópsins,
Ingibjörg Kristinsdóttir

3. Endurmenntun félagsmanna

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Mikilvægt er að hver og einn félagsmaður sé vakandi yfir þörf sinni fyrir endurmenntun, miðli þekkingu og færni og stuðli þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Auk viðburða sem fræðslunefnd og fagráð hafa staðið fyrir hefur félögum FNS staðið til boða að sækja valin námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar.

Fræðslunefnd félagsins hefur ákaflega mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að endurmenntun félagsmanna og skipuleggur hún m.a. Dag náms- og starfsráðgjafar í samvinnu við stjórn félagsins. Alls stóð nefndin að sex viðburðum á starfsárinu og hér á eftir fer greinargerð nefndarinnar.

Fræðsludagskrá FNS 2019-2020

Auk þess að skipuleggja dagskrá Dags- náms og starfsráðgjafar sá fræðslunefnd um þrjá viðburði á starfsárinu, fleiri voru á teikniborðinu þegar samkomubann var sett á. Hér á eftir fer greinargerð fræðslunefndar.

26. September - Bergið headspace

Fyrsti viðburður fræðslunefndar haustið 2019 var haldinn fimmtudaginn 26. september



Þegar farið var í Bergið headspace. Bergið er staðsett að Suðurgötu 10 í Reykjavík og er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágþröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks og notenda með fjölbreytta reynslu. Viðburðurinn var vel sóttur en tæplega 40 félagsmenn komu og hlustuðu á Sigurþóru Bergsdóttur stofnanda Bergsins, og Sólveigu Þorvaldsdóttur náms- og starfsráðgjafa. Félagsmenn heyrðu fróðlegt erindi þar sem meðal annars var farið yfir starfsemina og aðdragandann að stofnun Bergsins auk þess sem spurningum var svarað. Viðburðurinn vakti mikla ánægju enda mikilvægt fyrir náms- og starfsráðgjafa að þekkja vel inn á fjölbreytt úrræði sem eru í boði fyrir ungt fólk í dag.

1.nóvember - Dagur náms- og starfsráðgjafar

Þann 20. október ár hvert er Dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur, en dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur árið 2006. Á þessum degi eru félagsmenn hvattir til að kynna störf sín, birta greinar, senda út heilræði eða gera eitthvað til að minna á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar. Markmið þessa dags er annars vegar til að kynna náms- og starfsráðgjöf fyrir almenningi og stjórnvöldum og hins vegar til að skapa vettvang til að sameina og efla náms- og starfsráðgjafa.

Að þessu sinni var haldið upp á daginn með ráðstefnu á Grand Hótel þann 1. nóvember. Markmiðið með viðburðinum í ár var meðal annars að fá frekari innsýn inn í störf náms- og starfsráðgjafa en sérstök áhersla var lögð á kynningar frá félagsmönnum sem buðust til að segja frá verkfærum og áherslum í sínum störfum. Það vakti athygli að eftir dag náms- og starfsráðgjafa 2018 kom fram að félagsmenn höfðu áhuga á því að heyra meira um hagnýt verkfæri ráðgjafa og því reyndi fræðslunefndin að svara þeirri beiðni. Kynningarnar voru settar upp í nokkrar vinnustofur sem fóru fram fyrir hádegi og höfðu félagsmenn orð á því að vinnustofurnar hefðu heppnast vel og verið bæði fræðandi og hagnýtar.

Ráðstefnan var vel sótt en um 100 félagsmenn boðuðu komu sína, enda er dagur náms- og starfsráðgjafar tilvalin vettvangur til að fræðast um áhugaverð málefni og njóta samveru. Fundarstjóri var Helga Lind, náms- og starfsráðgjafi hjá Mími. Helga Tryggvadóttir formaður félagsins setti ráðstefnuna og bauð gesti velkomna. Margrét Arnardóttir og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fjölluðu um alþjóðlegt samstarf FNS og í framhaldinu kom á svið Bjartur Guðmundsson, leikari og fyrirlesari. Erindi hans bar heitið "Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi" en hugmyndafræðin og aðferðirnar sem kynntar voru miða að því að byggja upp færni til þess að kveikja á og kynda upp tilfinningar sem stórauka aðgengi að innri auðlindum og bæta gæði allra ákvarðana og athafna. Fyrirlesturinn vakti mikla lukku enda fengu ráðstefnugestir að taka þátt í líflegum og skemmtilegum æfingum sem Bjartur stýrði.

Að kaffihléi loknu var gestum skipt upp í minni hópa eftir vinnustofum sem hver og einn hafði valið að hlýða á. Hver vinnustofa var nokkrar mínútur í senn og alls gátu ráðstefnugestir



valið sér fjögur erindi til að hlusta á. Virkilega vel heppnað og greinilega mikill áhugi á hagnýtum kynningum þar sem ráðgjafar fá upplýsingar um verkfæri sem nýtast í ráðgjöf. Sif Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands var að því loknu veitt viðurkenning FNS fyrir vel unnin störf í þágu náms- og starfsráðgjafar.

Líkt og áður var hádegisverður innifalinn í verði og nutu gestir þess að gæða sér á góðum veitingum á hótelinu. Þar gátu félagsmenn ræktað tengslin og notið góðrar stundar með kollegum. Eftir það var erindi frá Hugafrelsi sem fjallaði um einfaldar aðferðir sem draga úr kvíða og streitu en efla um leið vellíðan og sjálfsmynd. Þá kom Ragnhildur Vigfúsdóttir með erindi sem bar heitið “Tíu leiðarvísar að farsælu lífi”. Fyrirlestrarnir voru báðir fróðlegir og hugsaðir til að nýtast ráðgjöfum bæði í starfi og einkalífi.

Vel heppnaðri og skemmtilegri ráðstefnu þar sem haldið var upp á Dag náms- og starfsráðgjafar var svo slitið með skemmtilegu uppstandi Hjálmars Arnar í hlutverki Hvítvínskonunnar sem náði að koma salnum til að hlægja. Boðið var upp á léttar veitingar að lokinni dagskrá.

6. desember - Jólafundur, erindi frá Guðna Gunnarssyni

Í byrjun desember áttum við notarlega stund saman á Pure Deli í Gerðarsafni. Þar fengum við okkur hádegisverð og hlýddum á Guðna Gunnarsson, en hann var með erindi um mátt hjartans og fjallaði m.a. um hvernig við getum verið við stjórn og axlað ábyrgð þegar kemur að orku okkar og heilsu. Það mættu 26 félagsmenn á viðburðinn sem heppnaðist vel og greinilega notalegt að hittast í byrjun desember, en margar sátu áfram að spjalla að viðburði loknum.

26. febrúar - Samtökin '78

Í febrúar var fyrsti viðburður fræðslunefndar þetta árið, sem því miður varð líka síðasti viðburður þetta starfsárið, vegna aðstæðna í samfélaginu. Farið var í heimsókn í Samtökin '78 og tók Tóttla Sæmundsdóttir fræðslustýra samtakanna á móti okkur og flutti fræðsluerindi fyrir okkur. Áhersla var á nafnabreytingu einstaklinga, orðnotkun og orðræðu hinsegin fólks í erindinu, auk þess sem farið var yfir gagnleg atriði sem gott er að hafa í huga svo við getum mætt þessu hópi betur í okkar störfum. Áheyrendur höfðu tækifæri til að spyrja, deila frá reynslu og ræða um efnið og sköpuðust áhugaverðar umræður. Þetta var vel heppnaður viðburður og gagnleg fræðsla um mikilvægt málefni. Tæplega 30 félagsmenn mættu á viðburðinn.

4. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum. Ásamt því að vera



samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa á hverjum vettvangi.

Fagráð grunnskóla

Fagráð grunnskóla var skipað þeim Hildi Ingólfssdóttur og Sigríði Sigurðardóttur (Systu). Ekki náðist að fullmanna fagráðið þetta árið.

Í febrúar áttu Systa, Hildur og Helga formaður fund með Jóni B. Stefánssyni verkefnastjóra hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jóhönnu Vigdísi hjá Samtökum iðnaðarins um verkefnið “Fyrir mig”. Þar var m.a. rætt hvernig efla má list- verk- og tækninám í grunnskólum. Þar kom fram að samtal þarf að eiga sér stað milli skólastjórnenda í grunn- og framhaldsskólum. Ennfremur lögð áhersla á námskrágerð í náms- og starfsfræðslu.

Í lok mars var Zoom fundur með náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum vegna Covid 19. Farið var yfir hvernig náms- og starfsráðgjafar gætu aðlagð starf sitt að breyttum aðstæðum. Nokkuð góður samhljóður var í fundarmönnum. Ástandið vissulega erfitt og krefjandi en það virtsit þó vera sem ráðgjöfum hefði tekist vel að aðlaga sig að rafrænni ráðgjöf. Nokkuð misjafnt var á milli skóla hvernig málum var háttað þar sem í sumum skólum voru nemendur að mæta eitthvað alla daga á meðan aðrir mættu suma. Margir ráðgjafar voru að hringja í sína skjólstæðinga og aðrir bjuggu til Facebook hópa eða síður til að ná til sinna nemenda eða tóku viðtöl í öðrum fjarbúnaði. Allir voru sammála um að verst væri þetta fyrir þá nemendur sem hefði slakt bakland og bitnaði hvað mest á.

Fagráð framhaldsskóla

Föstudaginn 13. september hittust náms- og starfsráðgjafar framhaldsskólanna í Menntaskólanum við Hamrahlíð á fundi til að ræða GoPro skjalaskráningarkerfið. Náms- og starfsráðgjafar framhaldsskólanna eru komnir mislangt í að skrá í kerfið og eru misjafnar aðferðir notaðar. Umræðan snerist að mestu um það hvað ætti að skrá í GoPro og hvað ekki og hverjir hefðu aðgang að því sem við skráum í kerfið.

Á haustdögum var fagráð framhaldsskóla boðað á fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að ræða geðheilbrigðismál í framhaldsskólum landsins. Í kjölfarið var ráðið beðið um að gera greinargerð um hvernig geðheilbrigðismálum er háttað í framhaldsskólunum. Tölvupóstur var sendur á alla náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum og þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum um efnið. Svör bárust frá sex ráðgjöfum og í kjölfarið var gerð greinargerð sem var send í mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Þann 3. febrúar stóð fagráð framhaldsskóla fyrir fyrirlestrinum Sjálfsskaði og sjálfsvígshögðun. Fyrirlesari var Kristín Inga Grímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, en hún starfar í bráðateymi BUGL og á þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þar sem sjálfsskaða- og sjálfsvígshögðun er orðin nokkuð algeng er mikilvægt að náms- og



starfsráðgjafar, sem vinna með unglingum, þekki hvernig best er að bregðast við miðað við þá þekkingu sem til er í dag. Mikilvægt er fyrir náms- og starfsráðgjafa að þekkja skilgreiningar á sjálfsskaða- og sjálfsvígshegðun, algengi, tilgangi og samverkandi áhrifaþáttum, með þeim nemendahópi sem er í framhaldsskólum. Fyrirlesturinn var haldinn í MH og var vel sóttur, einnig var hann sendur út í fjarbúnaði og var styrktur af SEF.

Þann 24. mars var Zoom fundur náms- og starfsráðgjafa haldinn að beiðni Skólameistarafélags Íslands vegna Covid -19. Áður höfðu náms- og starfsráðgjafar haldið tvo óformlega fundi á Zoom. Á fundinn mættu ásamt félagsmönnum Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnheiður Bóasdóttir og Hulda Anna Arnljótsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristinn Þorsteinsson formaður SMÍ og Helga Tryggvadóttir formaður FNS.

Á fundinum var farið yfir fyrstu aðgerðir náms- og starfsráðgjafa í ljósi breyttra aðstæðna í framhaldsskólum vegna Covid – 19. Náms- og starfsráðgjafar unnu á svipuðum nótum á öllum stöðum og starfið fór vel af stað í nýjum aðstæðum. Náms- og starfsráðgjöfin var áfram opin en með breyttu sniði. Nemendur gátu pantað viðtalstíma í fjarfundi og einnig hringdu náms- og starfsráðgjafar í þá nemendur sem voru í hvað mestri brotthvarfshættu.

Fagråd framhaldsskólanna fékk SEF styrk til að halda sumarnámskeið fyrir félagsmenn. Í byrjun júní verður námskeið sem ber yfirskriftina Verkfæri í jákvæðri sálfræði en markmiðið er að auka hæfni náms- og starfsráðgjafa til að beita aðferðum núvítundar og jákvæðrar sálfræði. Leiðbeinendur verða Bryndís Jóna Jónsdóttir og Hildur Katrín Rafnsdóttir náms- og starfsráðgjafar og með MA diplóma í jákvæðri sálfræði.

Fagråd háskóla

Samráðsfundir háskólanna voru haldnir á vormisseri, í byrjun faraldar í Teams fjarfundi. Fyrsti fundurinn var haldinn föstudaginn 3. apríl 2020. Á þeim fundi voru ráðgjafar frá öllum háskólum landsins. Megin efni fundarins var umræða um áætlanir og viðbrögð í tengslum við ástandið. Hver skóli deildi sinni reynslu og ráðum á þessum skrítnu tímum. Tveir slíkir fundir voru settir á til viðbótar. Einnig funduðu sérstaklega náms- og starfsráðgjafar sem halda utan um sérúrræði nemenda. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust í báðum fundarhópum sem heppnaðist vel.

Fagråd atvinnulífs

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu náðist ekki að halda viðburð á vegum fagráðsins þennan veturinn. Í samkomubanni var þó efnt til fundar með náms- og starfsráðgjöfum í atvinnulífinu til að stilla saman strengi og heyra hljóðið í fólki við breyttar vinnuaðstæður. Fundirnir sem urðu þrír, sá fyrsti 27. mars og sá síðasti 21. apríl, fóru fram á Zoom og var yfirskriftin samráðsfundur með náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsfræðslunni vegna Covid 19. Farið



var yfir hvernig náms- og starfsráðgjafar gætu aðlagð starf sitt að breyttum aðstæðum og hugmyndum var deilt ásamt því að reynslusögur af því sem gekk vel og því sem gekk ekki jafn vel var deilt. Erfiðast var að finna leið til að ná í nemendur sem sinntu hvorki að svara tölvupósti né síma. Var þó mjög góður samhljómur í fundarmönnum og greinilegt að fólk var á svipuðum stað með breytt ástand. Ástand sem vissulega var erfitt og krefjandi en þó virtist vera sem ráðgjöfum hefði tekist vel með að aðlaga sig að rafrænni ráðgjöf og fundahaldi ásamt því að sinna verkefnum heimanfrá. Fram kom að náms- og starfsráðgjafar væru að nota Teams, Snagit, Padlett og deila áhugverðu efni um kvíða á tímum Covid og margir voru að efla færni sína til muna í myndbandagerð. Fundirnir þóttu heppnast vel og skapaðist góð stemming á þeim. Áframhald á slíkum fundum teljum við vera nauðsynleg viðbót við verkefni í fagráði atvinnulífs og stefnt er á að halda fleiri fundi frá og með hausti 2020.

5. Greinargerð siðanefndar

Á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) árið 2007 voru nýjar siðareglur kynntar og þar sagt að Siðareglum FNS sé ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er að vísa náms- og starfsráðgjöfum leið í starfi, veita almenningi upplýsingar um vinnubrögð og fagmennsku náms- og starfsráðgjafa og vera undirstaða sjálfsmats innan faghópsins.

Samkvæmt 12. grein laga FNS skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafa. Á þeim fjórtán árum sem hafa liðið frá því að Siðareglur FNS voru samþykktar hefur starfsvettvangur fagstéttarinnar breyst og fjölgað hefur í stéttinni. Einnig hafa viðfangsefni og þær áskoranir sem einstaklingar mæta tekið á sig breytta mynd í takt við örar tæknibreytingar, síbreytilegan vinnumarkað og breytingar í samskiptum og samfélagsmynstri.

Starfsvettvangur náms- og starfsráðgjafa er fjölbreyttur. Þeir starfs m.a. við grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, sí- og endurmenntunarstöðvar, vinnumiðlanir og starfsendurhæfingarstöðvar. Það síðast talda er nýjast. Það má vera ljóst að ráðþegahópar náms- og starfsráðgjafa hafa mismunandi þarfir og glíma við ólík viðfangsefni ásamt því að ráðgjöf með þeim rammast inn af mismunandi lagabókstafi. Í ljósi samfélagslegrar þróunar og þess tíma sem er liðinn frá því að Siðareglur FNS komu fyrst fram er ljóst að þörf er á endurskoðun siðareglna fagstéttarinnar.

Siðanefnd FNS 2019-2020 vann að endurskoðun siðareglna. Ný lög um persónuvernd tóku gildi hinn 15. júlí 2018 og skoðað var á hvaða hátt nýju persónverndarlögin (lög nr. 90/2018) geti og hafi áhrif á störf náms- og starfsráðgjafa í vinnu með ráðþegum, meðhöndlun og geymslu trúnaðargagna og hvaða verklag eru almennt í gildi við meðhöndlun slíkra gagna.



Skoðaðar voru siðareglur annarra innlendra og erlendra félaga og samtaka sem hafa endurskoðað siðareglur sínar og horft til nýrra áskorana og tækifæra í ráðgjöf að teknu tilliti til upplýsinga- og samskiptatækni og nýrra samskiptaleiða. Meðal annars var horft til National Career Development Association (NCDA) í Bandaríkjunum sem endurskoðaði siðareglur sínar árið 2015 og er með sérstakan kafla sem fjallar um notkun upplýsingatækni og rafrænna miðla í ráðgjöf (<https://ncda.org/aws/NCDA/pt/sp/guidelines>). Skoðuð voru siðaviðmið (e. Ethical standards) hjá International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG) (<http://iaevg.net/iaevg.org/IAEVG/nave1ba.html>).

Siðanefnd FNS 2019-2020 hittist 11 sinnum á starfsárinu og voru fundir að meðaltali um klukkustund. Meðlimir siðanefndar unnu verkefni á milli funda sem nefndin setti fyrir. Nýjar tillögur voru yfirfarnar af Siðfræðistofnun sem einnig var innan handar þegar siðareglurnar voru unnar í upphafi árið 2007. Siðfræðistofnun kom með tillögur um að stytta siðareglurnar verulega og gera samhliða því handbók fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Siðanefnd FNS 2019-2020 leggur til að Siðanefnd FNS 2020-2021 ljúki vinnu um endurskoðun siðareglna. Siðanefnd FNS 2019-2020 vill leggja til við stjórn FNS 2020-2021 að í dagskrá Dags náms- og starfsráðgjafar 2020 verði fjallað um nýju tillögurnar. Að því loknu ætti að senda tillögurnar til félagsmanna og gefa þeim tækifæri til að koma með athugasemdir sem Siðanefnd FNS 2020-2021 tekur tillit til og ráðfærir sig svo aftur við Siðfræðistofnun. Þá væri hægt að kjósa um nýjar endurbættar siðareglur félagsins á aðalfundi 2021.

Siðanefnd FNS 2019-2020 vill minnst á að hraðar breytingar eiga sér stað í og tækninni það þarf því reglulega að vinna að endurnýjun siðareglna á komandi árum. Það ferli gerist í lifandi umræðu á meðal félagsmanna.

Hildur Ingólfssdóttir

Hrönn Grímsdóttir

Klara Guðbrandsdóttir

Lýdía Sigurðardóttir

6. Norrænt samstarf

NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífasamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance. Ýmsar breytingar urðu hjá IAEVG á síðasta ári þegar ný stjórn var kosin. Þar eignuðumst við Íslendingar okkar fyrsta fulltrúa í stjórn alþjóðasamtakanna sem er stórt og merkilegt skref í okkar sögu.

Dr. Guðbjörg Vilhjálmssdóttir prófessor við Háskóla Íslands var tilnefnd af stjórn NFSY til setu í IAEVG og má í stuttu máli segja að hún hafi hlotið mjög góða kosningu og situr hún sem einn af þremur varaforsetum IAEVG til ársins 2023.



Eitt af markmiðum NFSY er að efla tengslanet félagsmanna á Norðurlöndunum og hefur það m.a. verið gert með því að hvetja félagsmenn til að setja sig í samband við einhver úr stjórn NFSY ef óskað er eftir einhvers konar tengslum, samvinnu eða samskiptum á milli landa. Einhverjir félagsmenn hafa nýtt sér þetta net og væri ánægjulegt ef fleiri gerðu slíkt hið sama. Það er einfaldlega hægt að senda tölvupóst á stjórnarmenn NFSY og óska eftir aðstoð við að mynda tengsl. Netföng allra stjórnarmanna koma fram á heimasíðu samtakanna www.nfsy.org.

NFSY og NVL (Nordisk Netværk for Voksnes Læring) hafa unnið að frekara samstarfi. Í tengslum við aðalfund NFSY sem halda átti á Íslandi í apríl 2019 stóð til að halda sameiginlegan fund þessara samtaka þar sem unnið yrði að framtíðarsýn um samstarf. Vegna Covid-19 faraldursins var aðalfundinum sem og sameiginlega fundinum frestað. Aðalfundur NFSY verður haldinn í október á þessu ári á Íslandi en NVL hefur boðið stjórn NFSY á webinar nú í byrjun júní þar sem kynnt verður skýrsla NVL um „Karriärvægledning“ eða ráðgjöf varðandi starfsferil. Frekara samstarf er í deiglu og verður áhugavert að fylgja þessu verkefni eftir.

Á aðalfundi NFSY í október verða stjórnarskipti. Ísland hefur farið með formennsku í samtökunum frá árinu 2017 og hefur Margrét Björk Arnardóttir setið sem formaður og fulltrúi FNS í samtökunum og Elísabet Pétursdóttir hefur gengt embætti gjaldkera. Í norrænni nefnd sem stofnuð var vegna formennsku Íslands sátu auk Margrétar og Elísabetar þau Ingibjörg Bragadóttir ritari, Ásthildur Guðlaugsdóttir, Dagný Broddadóttir og Ketill Jósefsson. Á aðalfundi FNS 2020 verður nefndin lögð niður þar sem störfum hennar er formlega lokið en Ísland mun áfram eiga sína tvo fastafulltrúa í stjórn NFSY. Á aðalfundinum í haust tekur svo Svíþjóð formlega við formenskunni.

Á hverju ári er haldin alþjóðleg ráðstefna á vegum IAEVG. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Bratislava dagana 11. - 13. september 2019. Þema ráðstefnunnar var „Career Guidance for Inclusive Society“ þar sem boðið var uppá fjöldann allan af fyrirlestrum, málstofum og vinnustofum. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru m.a. Roberta Neault einn af ritstjórum bókarinnar *Career Theories and Models at Work: Ideas for Practice* sem kom út á síðasta ári og Norman Amundsson sem allir náms- og starfsráðgjafar á Íslandi þekkja örugglega fyrir framlag sitt til fagsins. Auk þeirra má nefna Gideon Arulmani og Tomáš Šprlák sem var einn af aðalskipuleggjendum ráðstefnunnar. Þessum ráðstefnum má líkja við veisluborð fyrir náms- og starfsráðgjafa því þarna fáum við tækifæri til að sjá og heyra það helsta sem er á döfinni í faginu okkar. Ég hvet ykkur öll til að taka þátt í þessum ráðstefnum annað hvort sem áhorfendur eða virkir þátttakendur því öllum félagsmönnum er frjálst að senda inn erindi og óska eftir þátttöku á ráðstefnunni. Ráðstefna þessa árs átti að fara fram í Riga í Lettlandi í október en henni hefur verið frestað. Enn liggur ekki ljóst fyrir hvort ráðstefnan verði að einhverju leyti rafræn en þær upplýsingar verða sendir félagsmönnum þegar þær liggja fyrir.

Að lokum vil ég nefna að NFSY eru samtök sem láta ekki mikið yfir sér en eru eftir sem áður með fjölmennustu samtökum innan IAEVG með um 4.800 félagsmenn. Þetta þýðir að á aðalfundum IAEVG hefur NFSY rúmlega 30 atkvæði sem gerir það að verkum að við getum haft mikil áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan samtakanna. Þetta sýnir okkur enn og aftur að saman erum við sterkari og með þeim orðum hvet ég félagsmenn til að nýta sér þau miklu og góðu tengsl sem við



höfum við kollega okkar á Norðurlöndunum til að miðla og deila þekkingu og upplýsingum. Ég og öll stjórnin er boðin og búin til að aðstoða ykkur við tengslamyndunina.

Ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi nefnd um norrænt samstarf fyrir þeirra framlag og einstaklega gott samstarf. Einnig vil ég þakka stjórn FNS fyrir gott samstarf þau 3 ár sem formennska NFSY hefur verið í höndum Íslands. Það er gríðarlega mikilvægt að áfram verði unnið að öflugum tengslum félagsins okkar við önnur félög um heim allan.

Fyrir hönd stjórnar NFSY og nefndar um norrænt samstarf
Margrét Björk Arnardóttir

7. Upplýsinga- og kynninganefnd

Nefndin lét útbúa hálsbönd fyrir Dag náms- og starfsráðgjafar handa félagsmönnum með starfsheitinu og merki FNS sem var úthlutað á félagsmenn. Einnig lét nefndin búa til nafnspjöld sem hengja mátti á hálsböndin. Félagsmenn eru hvattir til að nýta kynningarefni allstaðar þar sem náms- og starfsráðgjöf ber á góma og finna má á heimasíðu félagsins www.fns.is.

8. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þeir verið félagsmenn sem hafa hlotið löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá.

Þar sem FNS er aðildarfélag að KÍ og á þar rétt á ýmiskonar þjónustu var ákveðið að færa félagtalið í umsýslu hjá KÍ. Þetta var m.a. gert vegna þess að þegar sótt er um styrki til KÍ þarf að fylgja fjöldi félagsmanna innan KÍ, en þar sem uppfærsla félagatals sem inniheldur t.d. starfsvettvang félagsmanna hefur verið erfitt að fylgja eftir þótti þetta leið sem vert væri að fara.

Á líðandi starfsári voru 13 félagsmenn ný skráðir á félagatal. Félagsgjöld greiddu 241 sem teljast þá félagsmenn, en á félagatali eru alls 243 (tveir félagar ný skráðir og ekki búnir að fá greiðsluseðil). Búið er að lagfæra það ósamræmi sem var á félagatalinu á sl. starfsári. Á stjórnarfundum 24.9.19 var ákveðið að einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöldin eru á póstlistanum.

Við ítrekum að á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökufærlið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð



um löggildingu starfsheitisins. Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Ekki er unnt að halda utan um starfstöð félagsmanna.

9. Fjárreiður og félagsgjöld

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2019 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru 1.205.254 og drógust saman um 127.446 krónur. Tekjur vegna styrkja lækkuðu einnig á milli ára og voru 211.000 kr. Tap var af rekstri félagsins upp á 617.158. kr. Ræður þar að mestu lægri styrkir og aukin kostnaður í tengslum við viðburði félagsins. Á móti dróst rekstrarkostnaður saman um 575.943 krónur. Sjá nánar í sérriiti um ársreikninga félagsins.

10. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að mörgum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) Þátttaka í matsnefnd náms- og starfsráðgjafa.
- b) Svanhildur Svavarsdóttir situr í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara fyrir hönd FNS.
- c) Þátttaka í verkefni um geðheilbrigði framhaldsskólanema að frumkvæði mennta og menningarmálaráðuneytisins.
- d) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Evrópumíðstöðin hefur lengi stutt við bakið á félaginu og kunnum því bestu þakkir. Þetta árið styrkti Evrópumíðstöðin Dag náms- og starfsráðgjafar.
- e) Samstarf við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf í HÍ. Málþing sem felld var niður vegna samkomubanns. Sameiginlegur þrýstingur á mennta- og menningarmálaráðuneytið að birta skýrsluna „Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi“. Einnig hafa verið umræður um endurmenntun, uppskeruhátíð meistaranema og fleira.
- f) Samstarf við KVAN um endurmenntunarferð félagsins.

Önnur tilfallandi verkefni sem vert er að geta:

- a) Bréf sent á skólastjórnendum í grunn- og framhaldsskólum þar sem minnt er á lögboðna náms- og starfsráðgjöf og fræðslu og lög um náms- og starfsráðgjafa.
- b) Hvatning send til mennta- og menningarmálaráðherra að fara rétt með starfsheiti náms- og starfsráðgjafa.



11. Lokaorð

Eins og sjá má í þessari skýrslu hefur starfsemi félagsins verið viðamikil og margir komið að verki. Segja má að starfseminni megi skipta í innri og ytri verkefni, sem oft skarast. Þannig má setja fasta viðburði og hefðbundin verkefni stjórnar, nefnda og ráða í innri verkefni. En samskipti og samstaf við aðila utan félagsins geta flokkast sem ytri verkefni.

Hefðbundnu verkefnin gengu sinn vanagang, þó alls ekki sjálfkrafa, allt þar til sett var á samkomubann í landinu og þurfti þá að bregðast við eins og annars staðar. Fundir stjórnar urðu með öllu rafrænir og fagrað brugðust skjótt við og blésu til samráðsfunda. Eins og sjá má í greinargerðum fagraða voru fundirnir gagnlegir þar sem félagsmenn spegluðu nýja reynslu, deildu hugmyndum og verkfærum og fengu stuðning hver frá öðrum. Það kæmi ekki á óvart að framhald verði á samráðsfundum sem þessum. Siðanefndin hefur unnið hörðum höndum að nauðsynlegri endurskoðun siðareglna félagsins, mjög viðamikil vinna og samkvæmt tillögum nefndarinnar ættu nýjar reglur að liggja fyrir aðalfundi FNS 2021 til samþykktar. Fræðslunefndin stóð m.a. fyrir glæsilegum Degi náms- og starfsráðgjafa þar sem tæplega helmingur félagsmanna mætti. Norræna nefndin hefur unnið mikið starf og nú er að ljúka þriggja ára formennsku FNS í NFSY. Þar hefur Margrét staðið í stafni og stýrt með glæsibrag.

Þegar kemur að ytri verkefnum þarf oft hugkvæmni og útsjónarsemi til að finna leiðir sem líklegar eru til árangurs. Það hefur t.d. stefnumótunarvinna síðustu ára kennt okkur. Starfshópur um stefnumótun hefur tekið saman áhersluatriði og komu þau sér vel t.d. við mótun athugasemda við drög að menntastefnu. Hópurinn er ekki fastanefnd í félaginu en vinna hans hefur komið að góðum notum á hinum ýmsu vígstöðvum stefnumótunar og mun hann starfa áfram sem eins konar bakhópur stjórnar, enda er hann skipaður fólki með mikla þekkingu og áhuga á málefninu. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að þoka málefnum fagsins áfram og þá afstöðu að dropinn holi steininn er ágætt að hafa í hávegum.

Lög FNS eru leiðarljós í allri starfseminni félagsins og í 2. grein eru listuð upp hlutverk þess. Við teljum að félagið sinni hlutverkum sínum vel en þó eru tvö hlutverk sem má huga betur að. Annað er að gæta hagsmuna náms- og starfsráðgjafa við gerð kjarasamninga og hitt er að efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafa. Hvað varðar hið fyrra þá væri æskilegt að efla kjararáðin, sérstaklega á grunn- og framhaldsskólastigi þar sem einn kjarasamningur er undir á hvorum vettvangi. Þar sem félagið er fagfélag en ekki stéttarfélag geta kjaramálin reynst snúin, en það er öruggt að án þátttöku höfum við ekki áhrif. Á teikniborðinu eru fundir með FG og FF þar sem þetta verður tekið fyrir. Hið seinna, að efla rannsóknir, hefur verið rætt innan stjórnar og er ein hugmyndin hvatningarverðlaun eða styrkur til meistaranema í



faginu sem rannsaka starf náms- og starfsráðgjafa. Þetta mál er langt í frá útrætt og ný stjórn tekur það væntanlega til umfjöllunar á komandi starfsári.

Í 3. grein laganna er fjallað um hvernig félagið hyggst ná tilgangi sínum og er þar margt undir. Sumt erum við að gera ákaflega vel en á öðrum stöðum megum við gefa í. Þannig má alltaf velta fyrir sér hvort kynning félagsins, á starfinu og hlutverki náms- og starfsráðgjafa sé nógu öflug, hvort við séum nógu dugleg að láta vita af okkur t.d. í fjölmiðlum. Í samkomubanninu létu náms- og starfsráðgjafar á sér bera, upplýsingamiðlun ýmiskonar, erindi á netinu, sjónvarpsviðtal (a.m.k. eitt) og fleira. Auk þess minnti formaður fólk á, bæði í ræðu og riti, að leita til náms- og starfsráðgjafa í sinni menntastofnun.

Auk hefðbundinna verkefna félagsins verður áhugavert að halda áfram stefnumótun í faginu og hvergi verður hætt að ýta á ráðuneyti til samstarfs og aðgerða. Einnig er áhugi á að efla samstarf við KÍ hvað varðar hagsmuna- og kjaramál. Samtal og samstarf við námsbrautina í HÍ er stöðugt í gangi og verður áfram, en fresta þurfti ráðstefnu og fleiru vegna samkomubanns.

Að lokum þökkum við öllum þeim fjölda sem tók þátt í starfi félagsins, hvort sem var í embættum eða ekki. Félagið er fólk og er tilvera þess undir því komin að félagsmenn taki þátt, láti í sér heyra og vinni saman.

Reykjavík, 29. maí 2020

f.h. stjórnar FNS

Helga Tryggvadóttir, formaður